

Garðar Jónsson

STARFSKYRSLA FYRIR ÁRIÐ

1980

Suðurlandsumdæmi.

## 1. Veðurfar ársins.

- 1.1 Veturinn frá áramótum var góður, ef frá eru taldir einn og einn dagur með nokkru frosti og roki. Klaki var ekki mikill í jörðu, svo gróðursetning gat hafist fyrst í júní. Vorið var gott og nýttist vel til verka. Nokkuð frost gerði fyrstu dagana í maí, en það var ekki til skaða. Sumarið var sólríkt og gott. Haustið og veturinn til áramóta var aftur á móti kalt og töluverðan snjó setti niður í nóv. des.-mán. og varð þá öllu erfiðara með alla útivinnu.
- 1.2 Hita- og úrkomumælingar við Búrfell í Þjórsárdal og meðaltal árána 1931-1960 að Hæli í Gnúp.

Búrfell 1980			Hæli: Meðalt. 31-60	
Mán.	Meðalhiti°	Úrkoma (mm)	Meðalhiti°	Úrkoma (mm)
Jan.	- 3,1	66,7	- 1,7	87
Febr.	- 1,1	61,8	- 1,6	82
Mars	- 2,7	44,2	0,3	82
Apríl	1,5	108,8	2,2	73
Maí	5,4	24,3	6,6	59
Júní	9,1	40,6	9,9	62
Júlí	10,1	35,6	11,7	78
Ágúst	9,6	66,9	10,7	91
Sept.	6,4	61,9	7,8	107
Okt.	- 0,9	54,3	3,7	131
Nóv.	- 2,5	46,0	1,2	102
Des.	- 4,4	86,1	- 0,4	97
Árið	2,5°	697,2 mm	4,2	1051 mm

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1 Laufgun og lauffall birkis.

Laufgun á birki af Bæjarstaðakvæmi í görðum á Selfossi tel ég að hafi verið um 5. júní. Um svipað leyti á Þórsmörk. Í Þjórsárdal og uppsveitum Árnassýslu 10-15 dögum síðar.

Lauffall um 1. október.

### 2.2 Vöxtur.

Ársvöxtur var yfirleitt í meðallagi góður, en tel hann þó of lítinn eftir svo gott sumar að manni fannst.

### 2.3 Fræfall.

Fræ á trjágróðri var mjög lítið og engu safnað. Af lúpínu var safnað fræi fyrstu dagana í ágúst og fengust 20-25 kg.

## 2.4 Skaðar.

Skaðar voru nokkrir, sérstaklega á toppum sitkagrenis. Trúlega eru það eftirstöðvar af slæmu, köldu og stuttu sumri 1979. Plönturnar hafa hreinlega ekki verið búnar að ganga frá sér fyrir fyrstu frost. Skaðann sá maður ekki fyrr en á vordögum 1980. Á lerki í Skarfanesi, gróðursett 1979, urðu vorskaðar vegna frosts eftir laufgun. Lýsti það sér þannig að nálarnar gulnuðu og stóðu þannig fram eftir sumri. 27 ágúst, er ég leit eftir þessum plöntum, virtist töluvert hafa drepist af þeim.

## 3. Starfsfólk.

### Lausráðið fólk.

jan. febr. mars apríl maí júní júlí ágúst sept. okt. nóv. des.

1 1 1 1 4 9 11 10 4 2 2 2

Greiðslur til þessa fólks á árinu voru kr. 18.369.872.00. Vinnuflokkurinn hafði aðsetur í Þjórsárdal og var gerður út þaðan til hinna ýmsu staða á Suðurlandi, þar sem framkvæmdir voru í gangi. Tveir menn voru við gæslustörf í Þórsmörk mán. júní-ágúst. Tveir fastráðnir starfsmenn (BSRB) starfa allt árið og laun til þeirra kr. 14.117 þús.

## 4. Girðingar.

### 4.1 Viðhald.

Viðhald á girðingum var með hefðbundnum hætti, að því undanskildu að gæslumenn í Þórsmörk sáu um viðhald á Þórsmerkurgirðingunni. Veturinn var fremur hagstæður hvað snjóá snerti, og komu girðingar því samilega undan vetri. Girðingar þær sem halda þarf við eru: Laugarvatn 7.7 km, Hrauntún 5.5 km, Þjórsárdalur 26 km, Skarfaness 7.0 km, Þórsmörk 17 km, Hlíðargirðing 2.5 km, Kirkjubæjar-klaustur 2 km. Vinnukostnaður vegna viðhalds varð kr. 986.089.00. Þar við bætist viðhald Þórsmerkurgirðingar og vinna fastráðinna starfsmanna.

### 4.2 Nýjar girðingar.

Áfram var haldið með Hrauntúnsgirðingu og nú var lokið við hana og girtir suður, vestur og norðurkantar, alls um 3.200 metrar. Vinnukostnaður við girðinguna varð kr. 1.989.827.00

## 5. Skógarhögg.

### 5.1 Jólatré.

Byrjað var að höggva rauðgreni, 23. okt, og unnið að því til 7. nóv. Áður höfðu verið teknar nokkrar stafafurur úr reitnum við Bankabústaði og í Skarfanesi. Það

er orðin hálf þunn eftirtekjan af stafafurutöku, og má búast við að svo verði á næstu árum. 3 menn unnu að jólatrjáatökunni. Trén litu vel út og kaupendur hrósuðu þeim.

Trén voru aðallega tekin úr þessum reitum:

2036-3221-3317 og 3321.

Vinnukostnaður vegna jólatrjáa varð kr. 1.375.561.00

## 5.2 Seld jólatré.

### Rauðgreni.

0.70 - 1.00 m	827	stk
1.01 - 1.25 -	603	-
1.26 - 1.50 -	406	-
1.51 - 1.75 -	164	-
1.76 - 2.00 -	128	-
2.01 - 2.50 -	64	-
2.51 - 3.00 -	22	-
3.00 - 4.00 -	29	-
4.00 - 5.00 -	8	-
5.00 - 6.00 -	1	-

Samtals 2.252 stk.

### Stafafura.

0.70 - 1.00 m	44	stk
0.01 - 1.25 -	123	-
1.26 - 1.50	108	-
1.51 - 1.75	79	-
1.76 - 2.00	26	-
2.01 - 2.50	13	-
2.51 - 3.00	4	-

Samtals 397 stk.

106 kg af stafafurugreinum seldust.

## 6. Gróðursetning 1980.

### 6.1 Þjórsárdalur.

Gróðursetning hófst 3. júní, enda allur klaki horfinn úr jörðu fyrir nokkru. Var ólíku saman að jafna og árið 1979, en þá gat gróðursetning ekki hafist fyrr en 18. júní sökum klaka í jörðu. Áfram var haldið að gróðursetja fyrir norðan og vestan túnið á Skriðufelli, í Krókagil og Ófeigs-höfða. Einnig var gróðursett í Ásólfstaðafjall, á stað sem heitir Leiti.

Fljótlega eftir að gróðursetning hófst, kom norðanátt og mikill þurrkur, þannig að ekki þótti fært að gróðursetja plöntur og lá plöntun niðri á aðra viku, og hófst ekki aftur fyrr en 18. júní. Gróðursetningu lauk svo um mánaðarmótin júní-júlí. Síðsumars-gróðursetning var engin, en ofurlitlu var plantað af stafafuru og lerki síðast í nóvember (2410 B) en þá var jörð víðast hvar klakalaus. Fáeinum öspum (ca. 1 m á hæð) var plantað við viðleguskálana í Þjórsárdal. Aspir þessar eru vaxnar upp af græðlingum, sem teknir voru af trjám á Hlaðavöllum 10, Selfossi vorið 1977. Líðlega 13.000 plöntum af lerki og stafafuru var ekið frá Tumastöðum í Þjórsárdal um haustið. Plöntur fara ekki að vaxa eins snemma á vorin í Þjórsárdal eins og á Tumastöðum. Þessar plöntur voru allar á mólendi, og sama er hvar þær standa yfir veturinn, ef um gott skjól er að ræða. Kostn. kr. 1.002.830,00

Sitkagreni.	Haines	2/2	br. B.911	3.825 pl.	2411,2409
-	Tumast.	2/3	br. B.915	2.240 -	1931,1932
					1936,2150
-	Selfoss	2/3	br. B.903	720 -	2150
Rauðgreni	Brönnoy	2/2	br. B.801	5.275 -	2916,2917
Stafafura	White.Pass	2/2	br. B.934	1.500	2230
Stafafura	Skagw.	2/3	m. B.890	1.600 -	2233
Bergfura	Cord.	1/3	m. B.928	1.260 -	2035
Rússalerki	Modo	2/1	m. B.957	6.020 -	2410.2408

Samtals 22.440 pl.

## 7. Hirðing plantna.

7.1 Í Þjórsárdal var unnið við frásögun frá gróðursetningum eins og undanfarandi ár. Tveir skógtækninemar, Þór Þorfinnsson og Truls Korset unnu aðallega að þessu. Tóku þeir fyrir reitina 3415 og 3329 (Gullhektarar) svo og aðra smáreitir í Selhöfðum, einkallega rauðgrenireiti. Nú má heita að búið sé að fara í gegnum alla meiri háttar rauðgrenireiti í Þjórsárdal, svo í framtíðinni ætti að aukast jóla-tréstaka úr þessum reitum, sérstaklega ef hugsað verður um að bera á þá á næstu árum.

## 7.2 Áburðargjöf.

Borið var á sitkagrenireit við Búnaðarbankahúsin. Það stendur þar á flötu, þurrri landi og vex heldur illa. Stafafura við hliðina á því vex aftur á móti ágætlega, þó ekki sé borið á hana. Hér er greinilegt að raki er ekki nægur fyrir sitkagrenið.

7.3 Glyfosat. Ofurlitlu var úðað af glyfosat. Bæði var úðað á víði og gras í rauðgrenireit 2036. Einnig var úðað í ógróðursettar rásir, sem grisjaðar voru 1979 og víðir var farinn að koma upp í. Þarna var sprautað í flekki, sem plantað verður í næsta vor.

Kostnaður kr. 1.832.202.00

## 8. Byggingar.

8.1 Viðhald. Í Þjórsárdal var borið fúavatnarefni á viðleguskálana og þök máluð að hluta. Dúkur var lagður á forstofu í yngsta skálanum.

8.2 Nývirki. Byggður var viðleguskúr, ætlaður til að flytja á milli vinnustaða eftir því sem þörf er á. Í skúrnum eru 3 rúm. Hann er 2.30x4.80 m og allur hinn vandaðasti, með járn á þaki, tvöföldu gleri og fullkomin einangrun í veggjum og þaki. Skúr sá, er við höfum notast við sem eldhús, er orðinn gjör-samlega ónýtur og mjög mikil þörf á að smíða nýjan eldhússkúr.

## 9. Vélar og verkfæri.

### 9.1 Vörubifreiðin X-2395.

Pallur bílsins og sérstaklega skjólborðin voru léleg og því smíðuð nú. Pallurinn sjálfur var allur styrktur og breikkaður í fulla breidd. Skjólborðin eru nú í 4 hlutum og mjög auðvelt að taka þau af og setja þau á aftur. Rúmar pallurinn ótrúlega miklu meira eftir viðgerðina. Einnig voru efri grindur smíðaðar á bílinn. Ný framdekk voru fengin.

### 9.2 Landrover X-139.

Setja þurfti nýtt hjól í girkassa, en að öðru var ekki um stórar viðgerðir að ræða.

### 9.3 Vinnuvélar og verkfæri.

Ventlar voru slípaðir í gamla Ferguson og hann lagaður og málaður. Veltigrind löguð, einnig beislislyfta.

Í gröfutraktor þurfti að skipta um kúplingslager. Ekkert annað stórvægilegt þurfti að laga í þeirri vél.

## 10. Ýmislegt.

10.1 Ferðalög mín á starfsárinu voru svo til eingöngu í skóglendi Skógræktar ríkisins í umdæminu, og þá í sambandi við framkvæmdir á hverjum stað. Einnig ferðir vegna leiðbeininga og fundarhalda Skógræktarféлага á Suðurlandi.

Starfsmannafundur Skógræktar ríkisins í Reykjavík dagana 17.-21. mars.

## 10.2 Ferðafólk.

Eins og undanfarandi ár vorum við tilneyddir til að hafa opin útivistarsvæði bæði í Þjórsárdal og á Þórsmörk. Um þetta era lítið að segja, því aðstaða af hálfu Skógræktarinnar er svo að segja engin. Aðstöðuleysi þetta er auðvitað fjárgasskortur Skógræktarinnar til bættrar aðstöðu á útivistarsvæðunum.

Launagreiðslur vegna útivistarsvæða varð kr. 5.491.971.00  
en tekjur: Þórsmörk 1.495.540.00  
og Þjórsárdalur 1.083.500.00 eða  
samtals 2.579.040.00

Að öðru leyti vísast til ágætrar skýrslu Úlfs Óskars-  
sonar, sem var umsjónarmaður á Þórsmörk 1980.

Selfossi 31.12.80



Garðar Jónsson